

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
13. fundur – 10. maí 1999

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 10. maí n.k. kl. 17:15 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins, 3. hæð, Garðatorgi 7.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra. Árni Sverrisson boðaði forföll með skömmum fyrirvara og stjórnaði Sigrún Ingólfssdóttir fundinum.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerðir 11. og 12. fundar heilbrigðisnefndar.

Engar athugasemdir voru gerðar við fundargerðirnar.

2. Vettvangsferð.

Umræður um vettvangsferð í álverið í Straumsvík, 20. apríl s.l.
Nefndarmenn létu í ljós ánægju með heimsóknina og móttökurnar.

3. Fundargerð 2. starfsmannafundar 28. apríl s.l.

4. Umsagnir.

4.1 Umhverfisráðuneytið - mengunarvarnareglugerð

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 14. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar um drög að breytingum á mengunarvarnareglugerð fyrir 3. maí n.k.
Framkvæmdastjóri sækir um framlengingu á fresti til 20. maí n.k.

4.2 Umhverfisráðuneytið - úrgangur

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 15. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar um drög að reglugerð um flutning úrgangs fyrir 3. maí n.k.
Framkvæmdastjóri sækir um framlengingu á fresti til 20. maí n.k.

5. Fundargerð 3. starfsmannafundar 5. maí s.l.

6. Starfsleyfisumsóknir.

6.1 Austurhraun 7 – Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu

Lögð fram umsókn Einars Þórhallssonar f.h. Valdimars Gíslasonar (Íspakk) ehf. kt. 430179-0559, um leyfi til að þurrpakka ísblöndunarefnum að Austurhrauni 7, Hafnarfirði.
Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3ja mánaða.

6.2 Fjarðargata 13-15 – Samkomusalur með móttökueldhúsi

Lögð fram umsókn Jóns Guðmundssonar f.h. Sjólastöðvarinnar ehf., kt. 550492-2299, um leyfi til að reka samkomusal með móttökueldhúsi að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirðir.
Ný starfsemi.
Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3ja mánaða.

6.3 Drangahraun 8 – Framleiðsla á baunaspírum

Lögð fram að nýju umsókn Þórs Sigurjóns Ólafssonar, kt. 230849-3079, um að framleiða baunaspírum (Frjóangi) að Drangahrauni 8, Hafnarfirði.
Endurnýjun.
Starfsleyfi samþykkt.

6.4 Sörlastaðir v/Kaldárselsveg – Samkomusalur með móttökueldhúsi

Lögð fram umsókn Vilhjálms Ólafssonar, f.h.. Hestamannafélagsins Sörla, kt. 640269-6509, um leyfi til að reka samkomusal með móttökueldhúsi að Sörlastöðum v/Kaldárselsveg, Hafnarfirði.

Endurnýjun.

Starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3ja mánaða.

6.5 Kríunes v/Vatnsenda – Gistiheimili án veitingasölu

Lögð fram umsókn Björns I. Stefánssonar, kt. 060455-2449, um leyfi til að reka gistiheimili að Kríunesi v/Vatnsenda, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt.

6.6 Hlíðasmári 9 – Hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Svövu Guðmannsdóttur og Ingibjargar Sveinsdóttur, f.h. Hárstofunnar X-it, kt. 660299-2039, til að reka hársnyrtistofu að Hlíðasmára 9, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt.

6.7 Lyngás 18 – Dýralæknastofa með röntgen

Lögð fram umsókn Jakóbínu Sigvaldadóttur f.h. Dýralækninga ehf., kt. 701297-3859, til að reka dýralæknastofu með röntgen að Lyngási 18, Garðabæ.

Endurnýjun, en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.8 Suðurhraun 2 – Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði

Lögð fram umsókn Erlings Jónssonar f.h. Tækni-Stáls ehf., kt. 461198-2449 til að reka vélaverkstæði að Suðurhrauni 2, Garðabæ.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.9 Bæjarhraun 6 - Bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóhanns Hjaltasonar, f.h. Bílherja ehf., kt. 640998-2299, til að reka bifreiðaverkstæði, hjólbarða- og smurþjónustu að Bæjarhrauni 6, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.10 Dalshraun 9 - Bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Guðmundar Eyjólfssonar, kt. 290545-3319, til að reka bifreiðaverkstæði, með undanþágu um olúgildru, að Dalshrauni 9, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 2ja ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, auk undanþágu um olúgildru til 1. júlí 2000.

6.11 Drangahraun 2 - Bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóns Björns Hjálmarssonar f.h. Bílaverkstæðis Hafnarfjarðar, kt. 690998-2629 til að reka bifreiðaverkstæði, með undanþágu um olúgildru, að Drangahrauni 2, Hafnarfirði.

Endurnýjun, en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, auk undanþágu um olúgildru vegna aðstæðna.

6.12 Trönuhraun 7 - Bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Elíasar Péturssonar, kt. 190265-4429 til að reka bifreiðaverkstæði (Bílásinn) að Trönuhrauni 7, Hafnarfirði.

Endurnýjun, en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.13 Hjallahraun 4 - Hjólbarðaverkstæði

Lögð fram umsókn Hjalta Þórarinssonar, kt. 030962-3469 til að reka hjólbarðaverkstæði (Hjólbarðþjónusta Hjalta) að Hjallahrauni 4, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.14 Helluhraun 4 - Viðgerðaraðstaða

Lögð fram umsókn Héðins Ólafssonar f.h. Sendibílastöðvar Hafnarfjarðar, kt. 641089-1259 til að reka viðgerðaraðstöðu að Helluhrauni 4, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 2ja ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, auk undanþágu um olúgildru til 1. júlí 2000.

6.15 Smiðsbúð 12 – Viðgerðaraðstaða

Lögð fram umsókn Eyvindar Jóhannssonar f.h. Vinnulyfta ehf., kt. 681295-3139 til að reka viðgerðaraðstöðu að Smiðsbúð 12, Garðabæ.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.16 Kaplahraun 10 - Réttingaverkstæði

Lögð fram umsókn Kristjáns Þorsteinssonar, kt. 151267-4839 til að reka réttingaverkstæði (Smart réttingar) að Kaplahrauni 10, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.17 Kaplahraun 9 B - Bílapartasala

Lögð fram umsókn Jóhannesar Viggóssonar, kt. 161039-4979 til að reka bílapartasölu (Varahlutaþjónustan) að Kaplahrauni 9 B, Hafnarfirði.

Endurnýjun, en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.18 Stapahraun 11 - Bílapartasala

Lögð fram umsókn Ómars Tómassonar, kt. 220660-2069 til að reka bílapartasölu (Bílaþjónustan) að Stapahrauni 11, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.19 Trönuhraun 7 - Bílapartasala

Lögð fram umsókn Björgvins M. Guðmundssonar f.h. Litlu partasölu ehf., kt. 470199-2459 til að reka bílapartasölu að Trönuhrauni 7, Hafnarfirði.

Endurnýjun, en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.20 Hjallahraun 2 - Trefjaplastframleiðsla

Lögð fram umsókn Auðuns Óskarssonar f.h. Trefja ehf., kt. 420178-0269 til að reka trefjaplastframleiðslu að Hjallahrauni 2, Hafnarfirði.

Endurnýjun, en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.21 Vesturhraun 3 - Trefjaplastframleiðsla

Lögð fram umsókn Brynjars Bjarnasonar f.h. Art-X, kt. 651197-2609 til að reka trefjaplastframleiðslu að Vesturhrauni 3, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.22 Lækjargata 34 A - Efnalaug

Lögð fram umsókn Páls Jónssonar, kt. 210755-7999 til að reka efnalaug (Efnalaug við Lækinn) að Lækjargötu 34 A, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.23 Vesturgata 15 – fiskvinnsla

Lögð fram umsókn Einars Harðarsonar f.h. Styrkár ehf., kt. 480498-2409 til að reka fiskvinnslu að Vesturgötu 15, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.24 Hvaleyrarbraut 2 - Saltfiskverkun

Lögð fram umsókn Gísla Guðmundssonar f.h. Auðbergs ehf., kt. 610295-2319 til að reka saltfiskverkun að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði.

Endurnýjun en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.25 Hvaleyrarbraut 2 - Saltfiskverkun

Lögð fram umsókn Hrafnkels Gunnarssonar f.h. Útgerðarfélagssins Selness ehf., kt. 500484-0639 til að reka saltfiskverkun að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði.

Endurnýjun en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.26 Hvaleyrarbraut 2 - Saltfiskverkun

Lögð fram umsókn Njáls Gíslasonar f.h. Fiskvinnslunnar S/N ehf., kt. 601098-2889 til að reka saltfiskverkun að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði.

Endurnýjun en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 4 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.27 Fornubúðir 3 – Vörugeymsla

Lögð fram umsókn Ragnar Kristjánssonar f.h. Fiskmarkaðarins ehf., kt. 540192-2949 til að reka fiskmarkað að Fornubúð 3, Garðabæ.

Endurnýjun en þarfnast auglýsingar.

Starfsleyfi samþykkt til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

6.28 Vesturhraun 3 – Kælitæki

Lögð fram umsókn Viðars Sigurðssonar f.h. Alkuls ehf., kt. 580294-2279 til að reka kælitækjaverkstæði að Vesturhrauni 3, Garðabæ.

Ný starfsemi.

Starfsleyfi samþykkt til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina.

7. Umsagnir.

7.1 Vatnsendi – Kríunes

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi, dags. 16. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar um umsókn Björns Inga Stefánssonar f.h. BIS Markaðsráðgjafar, kt. 680596-2209 um leyfi til að reka gistiheimili að Kríunesi (Gistiheimilið Kríunesi), Vatnsenda, Kópavogi. Jákvæð umsögn þegar starfsleyfi er gefið út.

7.2 Strandgata 55 – Fjörukráin

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 26. mars s.l. þar sem óskað er umsagnar um umsókn Jóhannesar Viðars Bjarnasonar um endurnýjun á vínveitingaleyfi fyrir veitingastaðinn Fjörukrána, kt. 630490-1119 að Standgötu 55, Hafnarfirði. Jákvæð umsögn þegar innra eftirlit hefur verið viðurkennt af heilbrigðiseftirlitinu.

7.3 Sörlastaðir v/Kaldárselsveg – Samkomusalur með móttökueldhúsi

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 20. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar um umsókn Hestamannafélagsins Sörla um veitingaleyfi í samkomusal félagsins að Sörlastöðum v/Kaldárselsveg, Hafnarfirði. Jákvæð umsögn þegar starfsleyfi er gefið út.

8. Starfsreglur

8.1 Starfsreglur fyrir trefjaplastframleiðslu.

Starfsreglur fyrir vinnslu úr trefjaplasti lagðar fram. Samþykkt með lítillsháttar breytingum sem voru lagðar fram á fundinum.

9. Ýmis mál

9.1 Hollustuháttaráð

Lögð fram umsögn Hollustuháttaráðs dags. 3. þ.m.. um gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit og mengunarvarnir.

9.2 Hafnarfjarðarbær

- Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 30. mars s.l. þar sem óskað er eftir rammaáætlun fyrir árin 2000 til 2003, tillaga framkvæmdastjóra að svari rædd.
- Lögð fram til kynningar samþykkt bæjarráðs Hafnarfjarðar frá 29. apríl s.l. um útfærslu á hreinsunarátaki á lóðum.

9.3 Umhverfisráðuneytið

Lagt fram bréf umhverfisráðuneytisins, dags. 3. þ.m.. þar sem frestur til umsagna á áður sendum drögum að mengunarvarnareglugerðum er framlengdur til 20. maí n.k. Starfsmönnum heilbrigðiseftirlitsins falið að veita umsögn.

9.4 Vorfundur Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga

Ákveðið að framkvæmdastjóri reyni að koma eftirfarandi málum á dagskrá fundarins:

- Vinnuhópur heilbrigðisfulltrúa og fulltrúa HVR verði skipaður, er hafi það hlutverk að yfirfara eftirlitsáætlanir heilbrigðiseftirlitanna og koma með tillögur að samræmingu.
- Taka til umfjöllunar endurskoðun mengunarvarnareglugerðar m.t.t. aðkomu heilbrigðiseftirlitsins að endurskoðuninni og þeim skamma tíma sem gefinn er til umsagna.

10. Önnur mál

10.1 Móttaka í tilefni opunar nýrrar skrifstofu Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Jón Bjarni þakkaði starfsmönnum vel heppnaða móttöku.

10.2 Skoðunarferð heilbrigðisnefndar

Jón Bjarni óskaði eftir að efnt yrði til skoðunarferðar heilbrigðisnefndar um svæðið til að kynna nefndinni ástand lóða í tilefni hreinsunarátaksins. Ákveðið að starfsmenn undirbyggju slíka ferð seinna í sumar.

10.3 Kynning á staðsetningu heilbrigðiseftirlitsins

Jón Bjarni vakti athygli á nauðsyn þess að kynna almenningi nýtt aðsetur heilbrigðiseftirlitsins.

10.4 Þóknun til nefndarmanna

Þóknun nefndarmanna rædd og mikilvægi þess að samræming sé í þóknunum til nefndarmanna.

10.5 Mengunarvarnir í höfnum

Sigurgeir spurði um mengunarvarnir í höfnum á svæðinu í tilefni nýlegs mengunarslyss á Seyðisfirði. Framkvæmdastjóri upplýsti að hafnirnar frá Eyrabakka til Stykkishólms, hefðu aðgang að mengunarvarnabúnaði sem staðsettur væri hjá Reykjavíkurhöfn og að bráðamengunarnefnd umhverfissráðuneytis hyggðist boða til fundar með landshlutasamtökum á Suðvesturlandi um þessi mál á næstunni.

10.6 Sumarhlé

Nefndarmenn ræddu um sumarhlé í fundarhaldi, ákveðið að næsti fundur skyldi haldinn 31. maí og þá yrði tekin ákvörðun um sumarhlé.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40.

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurgeir Ólafsson

Jón Bjarni Þorsteinsson